

LÖG

um

47

20. júní

heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum
nýjum banka í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðuneytinu heimilast að veita fyrirhuguðu hlutafjelagi, sem þeir Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum, Gunnar konsúll Ólafsson í Vestmannaeyjum, Morten kaupmaður Ottesen í Reykjavík, Sigurður hæstarjettarmálaflutnflutningsmaður Sigurðsson í Reykjavík og Þórður kaupmaður Sveinsson í Reykjavík eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fjelagið ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

- a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.
- b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrsetningu og löghaldi.
- c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nív. 1887, 1. gr.
- d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

47
20. júní

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

- 5% af fyrstu 100 þús. kr.
- 10% af næstu 100 þús. kr.
- 25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

- e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabryjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

- a. Hlutfafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutfafjárius boðin út innanlands í hálf t ár eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
- b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
- c. Ráðuneytið skipar tvo af þrem endurskoðendum bankans.
- d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
- e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
- f. Bankinn má ekki lána fje gegn trygging í hlutabryjefum sjálfs sín.
- g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1924.
- h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf bykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.